



Menntaskólinn á Ísafirði

www.misa.is

Erindi til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Ísafirði, 20. september 2019

Beiðni um stuðning við afreksíþróttasvið við Menntaskólann á Ísafirði (MÍ) 2019-2020

Skólaárið 2018-2019 fékk MÍ veglegan stuðning frá sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum við afreksíþróttasvið skólans. Afreksíþróttasviðið var endurvakið síðastliðið haust og skipti stuðningur sveitarfélaganna þar sköpum. Það er mat okkar í MÍ að það sé mikilvægt að styðja vel við ungt og upprennandi afreksfólk í íþróttum og því viljum við halda ótrauð áfram enda gekk starfið á sviðinu vel síðasta vetur og mikil ánægja meðal nemenda. Nemendur á afrekssviði stunda æfingar í sjö mismunandi íþróttagreinum og nú eru 46 nemendur skráðir á afrekssviðið.

Þess er hér með farið á leit við Ísafjarðarbæ að sveitarfélagið veiti áfram styrk til sviðsins með sama fyrirkomulagi og síðasta skólaár. Jafnframt er á sama hátt vonast eftir áframhaldandi stuðningi frá Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi. Í drögum að samningi sem fylgja hér með er gert ráð fyrir að sveitarfélögin leggi starfseminni til styrk að upphæð 2.500.000 krónum á ári sem greiðist hlutfallslega eftir íbúafjölda sveitarfélaganna. Einnig óskar skólinn áfram eftir fleiri tímum á morgnanna í íþróttahúsinu á Torfnesi án þess að leiga MÍ verði hækkuð.

Með vinsemd og virðingu,


Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari

Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ), kt. 490671-0139 og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 gera með sér svohljóðandi

samning um afreksíþróttasvið MÍ



MÍ skipuleggur starfsemi afreksíþróttasviðsins. MÍ semur við þjálfara íþróttafélaganna sem munu sinna þjálfun í sínum greinum. MÍ semur við Sjúkraþjálfun Vestfjarða um þrekæfingar fyrir nemendahópinn. MÍ leggur til kennara sem á hverri önn mun sinna einum skilgreindum fræðsluþætti fyrir nemendur á sviðinu. MÍ leggur til húsnæði undir bóklega kennslu, auk rafmagns, nettengingar og kerfisstjórnar og annars rekstrarkostnaðar sem til fellur.

Framlag MÍ á hverju skólaári:

Kennsla í MÍ, laun og launatengd gjöld (4 ein. pr. önn)	1.424.000,-
Styrktarþjálfun	366.000,-
Húsnæði, rafmagn nettenging, kerfisstjórn og annar kostnaður	120.000,-
Kynning og utanumhald	<u>200.000,-</u>
Samtals	<u>2.110.000,-</u>

Hlutur sveitarfélaganna fyrir skólaárið 2019-2020 verður 2.500.000,- þar af leggur Ísafjarðarbær til kr. 1.911.613,-

Styrkurinn er ætlaður í launagreiðslur til þjálfara íþróttagreinanna sem í boði eru. Auk þess leggur Ísafjarðarbær til tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi sem eru annars ekki í notkun í samráði við forstöðumenn íþróttamannvirkja.

Samningsaðilum er heimilt að nýta nafn Menntaskólans á Ísafirði og Ísafjarðarbæjar í kynningar- og forvarnarefni.

Samningurinn gildir í 1 skólaár, skólaárið 2019-2020.

Ísafirði, _____ 2019

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Menntaskólans á Ísafirði
